

L Ö G

95

19. júní

um mjólkurbúastyrk o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði, vegna yfirstandandi
kreppu, viðbótarstyrk til mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og
Reykjavík, er nemi allt að $\frac{1}{4}$ af stofnkostnaði þeirra hvers um sig.

2. gr.

Mjólkurbú Flóamanna greiðir þann hluta af ríkissjóðsláni til stofnunar
búsins, sem eftir verður, þegar frá er dreginn styrkur samkvæmt 1. gr., og er
ríkisstjórninni heimilt að ákveða greiðslufrest og kjör að öðru leyti, enda verði
þær tryggingar settar fyrir skuldinni, er ríkisstjórnin metur gildar í samráði við
stjórn Búnaðarbanka Íslands. Fresturinn má þó ekki vera lengri en svo, að
samrýmzt geti ákvæðum 3. gr.

3. gr.

Að áskildu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands skal greiðslu á við-
bótarstyrk þeim til mjólkurbúa þeirra, er í 1. gr. getur, annara en Mjólkurbús
Flóamanna, þannig hagað, að Búnaðarbankinn tekur við skuldabréfi því eða
bréfum, sem Mjólkurbú Flóamanna gefur út fyrir skuld sinni samkv. 2. gr., þó
ekki fyrir hærri fjárhæð en nemur niðurfærslu þeirri á viðlagasjóðslánum
hinna búanna, er samsvara viðbótarstyrknum, enda verður þá bankinn að því
leyti skuldareigandi gagnvart Mjólkurbúi Flóamanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.